



Messíana Tómasdóttir með eitt verka sinna. DV-mynd TJ

# Til sjöunda regnbogans

– Messíana Tómasdóttir í Stöðlakoti

Á sínum tíma setti Wagner fram kenningu um hina altæku list, „Gesamtkunstwerk“, sem skyldi fela í sér sem gegnheilasta og víðtækasta sköpun. Leikhúsið var á þeim tíma helsti vettvangur tilrauna með slíka allist og er það á margan hátt enn, samanber tilrauna-sýningar Magnúsar Pálssonar. Gerningar, kvikmyndir og jafnvel fleiri listgreinar gera þó einnig tilkall til þess að fela í sér altæka sköpun. Messíana Tómasdóttir er e.t.v. sá hérlendir listamaður sem hefur hvað mest iðkað þann galdur í gegnum miðla leikhússins að skapa alhliða list. Á liðnu hausti var barnaópera frumflutt eftir hana, en fram að því hafði Messíana verið þekktust fyrir leikmynda- og brúðugerð. Nú hefur Messíana samið tónverk sem er hluti sýningar hennar á verkum unnum í japanpappír og plexigler sem opnuð var á laugardag í Stöðlakoti. Sýning og tónverk bera yfirskriftina Til sjöunda regnbogans og eru litir regnbogans allsráðandi á sýningunni.

## Sjö litir, sjö tónar

Talan sjö hefur verið Messíönu hugleikin en fyrir nokkrum árum var flutt eftir hana leikbrúðusýningin Sjö spegilmyndir. Hér virðist um að ræða tilvísanir í jóga og dulspeki þar sem sjö orkustöðvar mannsins bera sjö litatóna regnbogans hvar litur og tónn falla saman í eina heild. Regnmettað andrúmsloftið leiðir liti og freistar Messíana þess að ná fram svipudum áhrifum með því að láta plexigler leiða liti. Þetta kemur skemmtilega út en að mínu viti er nokkur löstur að listamaðurinn málalr með akrýl brúnir plexíglersins í stað þess að láta eigind þess blómstra. Að sögn Messíönu er þetta gert til þess að liturinn sjáist frá öllum sjónarhornum, en að mínu

mati stæði það nær regnbogaðlinu að flýja undan mannlegri skynjun.

## Í senn ljóðræn og leikræn

Verkin eru í frumformunum og er japanpappír í hinum sjö regnbogalitum komið fyrir á milli plexíglara. Flest eru verkin mjög einföld að allri gerð og virka sem hreinir tónar með einfaldri og óþýðri tónlistinni sem flutt er af bandi. Í neðri sal brýtur krossmark fjórða verksins nokkuð upp þessa einföldu og tæru mynd og þar leiðir plexíglarið ekki litina, þó


## Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

svo að allir regnbogalitirnir liggi í boga yfir krossinn. Verkið líður auk þess fyrir að falla of mikið inn í bakgrunninn. Á efri hæðinni er einnig að finna krossmark; sjö IV. Þar eru regnbogalitirnir hins vegar mál- aðir allir á brúnina og gera verkið ærið skrautlegt. Þarna er um að ræða atriði sem hefði e.t.v. þurft að finnstilla betur; að láta efnið leiða fram möguleika sína sjálf án þess að þröngva þeim upp á það. Þar skiptir lýsing höfuðmáli. Hins vegar er sýningin í heildina afar ljóðræn og sætir tíðindum þegar þess er freistað að skapa svo altækt verk sem er í senn ljóðrænt og leikrænt og er unnið út frá möguleikum á samþáttum myndlistar og tónlistar. Sýningin stendur til 16. desember.

# Kaldhæðnar konur í Nýlistasafninu

Að undanfögnu hafa þær raddir heyrst hér á landi að kvennabaráttan sé komin í ógöngur og sé að fjara út. Í Bandaríkjunum virðist hins vegar vera talsverður broddur í kvennabaráttunni, a.m.k. ef marka má sýningu á verkum sextán myndlistarkvenna frá Chicago sem var opnuð í Nýlistasafninu á laugardag. Sýningin er skipulögð sem skiptisýning og fóru sjö íslenskar myndlistarkonur utan til Chicago og sýndu í Artemisia galleríinu þar í borg fyrir nokkru. Artemisia-galleríið var stofnað fyrir 22 árum af kvenkyns myndlistarmönnum og var ætlað að vera vettvangur fyrir myndlist kvenna sem töldu sig ekki fá inni hjá hinu stóru listhöndlurum og gallerieigendum þar í borg. Artemisia-galleríið mun nú teljast meðal virtari listhúsa í Chicago og tók upp á þeirri nýbreytni fyrir fjórum árum að efna til skiptisýninga við listastofnanir erlendis í viðleitni til að víkka sjóndeildarhring sinn og annarra.



Mary Ellen Croteau: „Niðursoðin typpi“.

## Kaldhæðni og gálghúmor

Verkin á sýningunni í Nýlistasafninu eru mjög fjölbreytt. Þarna gefur að líta fagurlega saumaða boxhanska úr silki eftir Sugmi Taylor, niðursoðin „typpi“ eftir Mary Ellen Croteau, polaroidmyndir af sofandi konum, innsetningu með hreyfanlegum hnefum úr vaxi og ýmsar smámyndir sem er ætlað að afhjúpa klisjukennt hlutverk konunnar í augum karlmanna. Víða ná listakonurnar að ýta óþyrmilega við forstökkudum hugsunarhætti

gestsins. Þar ber að mínu viti hæst hin kaldhæðnislegu og allt að því árásarhneigðu verk Mary Ellen Croteau sem vekja ugglaust óhug margra karla og jafnvel einnig kvenna, þ.e.a.s. þeirra sem ekki eru í vígahug. Gálghúmorinn ræður ríkjum hjá Croteau en annars fer fremur lítið fyrir húmornum á sýningunni. Brodd er þó að finna í mörgum verkum eins og t.d. innsetningu Andreu Polli í setustofnunni þar sem vélræn afgreiðsla karlasamfélagsins virðist vera útgangsefnið. Ennfremur vekur dularfullt verk Carrie Seid, „Reðuruppskera“, á pallinum undarlegan seiðing með rembnum gestinum.

## Klisjur og ljóðrænar áherslur

Að mörgu leyti ber sýningin með sér klisjukenndar áherslur á hefðbundna kvenlega iðju og viðhorf af ýmsu tagi. Þetta gegnir öðrum þræði því hlutverki að afhjúpa hinar gefnu klisjur en oftlega verður útkoman eins og tóm klisja án tilvísana út fyrir sjálfa sig. Verk Anitu Jung, Diane Cox, Louise McKissick og fleiri hafa þannig að mínu mati of þröngar skírskotanir til að ná að vekja til umhugsunar. Hinar ljóðrænni áherslur skila sér miklu betur eins og sér stað í verkum Susan Sensemann, Mölu Setram, Carolynn Desch og fleiri. Sú fyrstnefnda skapar nýtt sjónarhorn á kvennablöð frá sjötta áratugnum þar sem húsmóðurhlutverkið var dásamað og sú síðastnefnda færir húsmóðurhlutverkið í póstmóðernískt sambengi og sýnir hnífaparaskúffuna sem torkennilegt vopnabúr. Á þessari sýningu kemur skýrt fram að kvennahreyfingin á margt ósagt enn, en nú hlýtur að fara að líða að því að karlar taki við sér og sýni að þeir hafi húmor fyrir jafnréttisumræðunni líka. Það er e.t.v. það sem skiptir hvað mestu máli; að leyfa skopskyninu og hinum ljóðrænni sjónarhornum að ráða ferðinni í stað þess að láta pólitíska beiskju taka völdin af sköpunarþættinum. Sýningin stendur til 17. desember.

# Þrettán kjarnyrtar stökur

– Ásgerður Búadóttir í Ingólfsstræti 8

Íslensk vefnaðarlist reis úr óskustónni í kringum miðja öldina og þar þar fyrst og fremst á verkum Vigdísar Kristjánsdóttur sem vögu salt á milli viðtekinnar frásagnarlistar ísaumsmynda fyrri alda og óhlutbundinnar túlkunar tíðarandans, en svo fór sál Ásgerðar Búadóttur að rísa með óhlutbundnum og grófgerðum myndverkum sem

## Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

gerðu kröfu til þess að vera meðtekin sem framsækinn óhlutbundinn myndlist. Verk Ásgerðar hafa þó alla tíð verið kirfilega staðsett í íslenskum veruleika. Hún hefur einbeitt sér að efnum sem bera með sér þjóðarþelið; ull og hrosshári. Myndmál Ásgerðar tók nokkurt mið af umbrotum popptímabilsins


og litir og frjálsleg form voru allsráðandi í verkum hennar um tíma, en hún hefur jafnan kunnað að feta slóð hinnar knöppu framsetningar þar sem mikið er sagt með fám og áhrifaríkum meðölum.

## Tær einfaldleiki

Á sýningu Ásgerðar, sem var opnuð um helgina í hinum nýja sýningarsal að Ingólfsstræti átta, eru þrettán verk sem bera sameitið stökur. Þau eru öll fremur einföld að gerð en hafa samt sem áður myndskipun sem kallar á eftirtekt áhorfandans. Verkin eru unnin í svörtu og hvítu, ull og hrosshár og hafa mikla þjóðlega skírskotun um leið og tær einfaldleikinn skipar þeim á bás með alþjóðlegum veflistarverkum. Verk á borð við nr. 7, 8, 9 og 11, þar sem gróft hrosshárið kallast á við ofinn grunninn, hafa hvað mesta útgeislun. Þar er eins og skriðjökull brjótist fram úr snævi þóktum feldi landsins eða jökulá leysist úr læðingi.

## Ferskur andblær

Ásgerður hefur jafnan leitast við að túlka náttúruöflin í verkum sínum og hér heggur hún í sama knérinn. Sýningin er ekki fyrirferðarmikil sé mið tekið af því að síðasta einkasýning listakonunnar var fyrir þremur árum, þ.e.a.s. ef undan er skilin sýningin í Listasafni Íslands í fyrri, sem var mestanpart yfirlitssýning. Hins vegar nær Ásgerður e.t.v. enn sterkari tökum á túlkun sinni á krafti náttúruaflanna þegar efni og stærð eru af skornum skammti. Henni lætur greinilega vel að klípa við nögl efniviðinn að hætti formæðranna og forfæðranna sem geyntu það efni sem gafst til ísaums og annarrar iðju. Hér er um að ræða sýningu sem ber með sér ferskan andblær sem þó er eins og gamalkunnur. Stökur Ásgerðar eru kjarnyrtar að hætti þeirra skálda sem eru í hvað mestum tengslum við þjóðarþelið. Sýningin stendur til 22. desember.



Ásgerður Búadóttir.